

Nd.

148. Frumvarp til laga

[88. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi.

Flm.: Ágúst Þorvaldsson, Guðlaugur Gíslason.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Stefáni Jasonarsyni hreppstjóra í Vorsabæ í Gaulverjabæjarhreppi eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi í Árnassýslu fyrir það verð, er um semst eða ákveðið verður samkvæmt mati dómkvaddra manna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að Stefáni Jasonarsyni bónda og hreppstjóra í Vorsabæ í Gaulverjabæjarhreppi verði gefinn kostur á að kaupa eyðijörðina Efri-Völl í Gaulverjabæjarhreppi í Árnassýslu.

Þessi jarðeign ríkisins hefur verið í eyði síðustu ár, og er ekki líklegt, að þar verði húsið hér eftir.

Bréf hreppsnefndarinnar í Gaulverjabæjarhreppi um þetta mál er birt hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

HREPPSNEFND GAULVERJABÆJARHREPPS.

Þar sem ríkisjörðin Efri-Völlur hér í hreppi er nú í eyði og ekki líkur til þess, að þar setjist að bóndi, enda er jörðin landlítill og nær alveg mannvirkjalaus, og forráðamenn ríkisjarða (í jarðeignadeild) telja ýmis tormerki á að húsa jörðina, svo að hún verði hæf til búrekstrar á ný, — mælum við undirritaðir með því, að háttvirt Alþingi hlutist til um það, að Stefán Jasonarson bóndi í Vorsabæ fái ofangreinda jörð keypta.

Hefur hann tjáð oss, að kaup og afnot ofangreindrar jarðar séu mikilsverð vegna hans búrekstrar, enda liggja lönd jarðanna saman, og virðist okkur eðlilegt, að ofangreind jarðakaup fari fram.

Gaulverjabæjarhreppi, 30. nóv. 1965,

Tómas Tómasson. Jón Sigurðsson. Guðjón Sigurðsson.
Stefán Hannesson. Guðmundur Jónsson.